

**274. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 3. desember 2025 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2511183 - Erindi frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu um samræmdar dagsetningar umsókna í grunnskóla

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnur að innleiðingu á nýjum Nemendagrunni, miðlægum gagnagrunni sem heldur utan um samræmda skráningu barna á skólaskyldualdri í grunnskóla fyrir landið allt. Markmiðið er að tryggja réttar upplýsingar fylgi hverju barni í gegnum alla skólagöngu þess frá leikskóla til framhaldsskóla og áfram í námi og þjálfun.

Til að tryggja árangursríka innleiðingu öllum til heilla er óskað eftir því að sveitarfélögin samþykki öll sem eitt sameiginlegt tímabil fyrir innritun og umsóknir í grunnskóla sem hér segir:

Innritun í 1. bekk grunnskóla: 1. febrúar - 31 mars

Umsókn um skólaskipti innan/milli sveitarfélaga: 1. febrúar - 30. apríl

Umsókn um sjálfstætt starfandi skóla: 1. febrúar - 30. apríl

Umsókn um sérdeild og umsókn um sérskóla: 1. febrúar - 31. mars

Umsókn um áframhaldandi skólavist: 1. febrúar - 31. mars

Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrir hönd Akraneskaupstaðar sameiginlegt tímabil innritunar og umsókna í grunnskóla, í samræmi við erindi frá Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu dagsett 17. nóvember 2025.

2. 2512014 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2026

Lagt er til að bæjarstjórnarfundur unga fólksins fari fram þriðjudaginn 17. febrúar 2026.

Skóla- og frístundaráð samþykkir framlagða tillögu.

3. 2511082 - Leikskólamál - Valkostagreining 2025

Sviðsstjóri leggur fram tillögu um að fulltrúar af skóla- og frístundasviði og skipulags- og umhverfissviði vinni áætlun um framtíðarskipulag leikskólahúsnæðis í samvinnu við skóla- og frístundaráð og leikskólastjóra.

Skóla- og frístundaráð samþykkir framlagða tillögu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

*Jónína Margrét Sigmundsdóttir
Liv Aase Skarstad
Þórður Guðjónsson*